

Stjórnarfundur 10. desember 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Leifur Einar Arason, Heiðrún Sigurðardóttir, Svafar Magnússon, Einar Gíslason og Þórir Örn Grétarsson. Þórunn Eggertsdóttir var einnig viðstödd lið 6.

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

2. Nýr framkvæmdastjóri

Einar Gíslason, nýr framkvæmdastjóri Fáks, boðinn velkominn til starfa.

3. Hundaræktarfélag Íslands

Borist hefur beiðni frá Hundaræktarfélagi Íslands að halda sýningu í TM Reiðhöllinni dagana 21. – 24. febrúar og 22. – 24. Nóvember 2019. Eldri samningur milli Fáks og félagsins er runninn út og ekki búið að endurnýja hann. Rætt um forsendur og skilyrði nýs samnings við félagið.

4. Verðskrá fyrir reiðhöll – lyklagjöld

Samþykkt samhljóða að halda verðskrá óbreyttri fyrir komandi tímabil.

5. Jólaball

Rætt um sameiginlegt jólaball með öðrum hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinum.

6. Uppskeruhátíð

Rætt við Þórunni Eggertsdóttur, formann æskulýðsnefndar, hvort halda eigi uppskeruhátíð sameiginlega fyrir eldri og yngri flokka. Niðurstaða varð sú að halda uppskeruna sameiginlega sunnudaginn 6. janúar. Fyrri áformum um að halda uppskeruhátíð og árshátíð 9. febrúar verður því breytt og lagt til að svokallað Kótiletukvöld verði haldið 16. mars nk. eftir vetrarleika Fáks. Á þeim viðburði yrðu veitt verðlaun fyrir hæstdæmda kynbótahrossið ræktar og í eigu félagsmanns Fáks, sem áður hefur verið gert á uppskeruhátíðinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.

ASG.

Heiðrún Sig.